

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórhámsundar, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F121/2022

Reykjavík, 14. desember 2022

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Ríkislöggreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Hér með tilkynnist að embætti umboðsmanns Alþingis hefur lokið athugun sinni á fyrirkomulagi umsókna um skotvopnaleyfi.

Tilefni athugunarinnar var frétt sem birtist í Morgunblaðinu 29. október sl. þar sem greint var frá hnöknum við framkvæmd á nýju rafrænu skotvopnakerfi löggreglu. Í fréttinni var einnig vísað til þess að á vef lögreglunnar kæmi fram að ekki væri tekið við umsóknum um skotvopnaleyfi eða leyfi til að eignast skotvopn nema á rafrænu formi.

Af þessu tilefni var ríkislöggreglustjóra ritað bréf 2. nóvember sl. þar sem óskað var upplýsinga um hvort rétt væri að ekki væri tekið við umsóknum af framangreindu tagi nema þær væru á rafrænu formi. Jafnframt var óskað upplýsinga um hvort og þá með hvaða hætti hið rafræna umsóknakerfi hefði verið prófað áður en það var tekið í notkun.


Í svarbréfi ríkislöggreglustjóra 28. nóvember sl. kemur fram að nýtt skotvopnakerfi, sem tekið var í notkun á síðari hluta þessa árs, geri mönnum kleift að sækja um skotvopnaleyfi með rafrænum hætti ásamt því að fá útgefið rafrænt skírteini. Þá kemur fram að umsækjendur séu hvattir til þess, hafi þeir tök á, að sækja um með rafrænum hætti en að öðrum kosti geti þeir snúið sér til löggregluembættis í heimabyggð viðkomandi. Einnig er tekið fram að unnt sé að fá útgefið bréflegt skírteini á löggreglustöðvum. Að lokum er upplýst að fyrrnefndar upplýsingar á vefsíðu lögreglunnar hafi verið leiðréttar og beðist velvirðingar á þeim misskilningi sem þær kynnu að hafa valdið.

Í bréfi ríkislöggreglustjóra er jafnframt gerð grein fyrir prófunum á hinu rafræna skotvopnakerfi svo og þeim hnöknum sem í ljós komu á fyrstu vikum notkunar þess þrátt fyrir prófanirnar. Áréttar er að á þeim tíma sem afgreiðsla rafrænna umsókna tafðist af þessum sökum

hafi þó verið unnt að leggja inn skriflegar umsóknir. Tekið er fram að engin vandkvæði séu nú með kerfið.

Í ljósi framangreindra upplýsinga ríkislöggreglustjóra um fyrirkomulag umsókna um skotvopnaleyfi að undanförnu tel ég ekki tilefni til að halda athugun málsins áfram.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon